



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Öll sem eitt



TJÖRNIN
FRÍSTUNDA MIÐSTÖÐ

Hrefna Þórarinsdóttir
Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar/Tjörnin frístundamiðstöð
Skólaárið 2020-2021



Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	2
3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	4
4. Mat á verkefninu	5
5. Greinargerð um notkun styrkjár	5
6. Kynning	6

ATH.

- Skila þarf skýrslu í tölvupósti á sfs@reykjavik.is
- Skýrslur vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna eru [birtar á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar](#)

1. Inngangur

Öll sem eitt er samstarfsverkefni Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, Ársels, Kringlumýrar, Gufunesbæjar, Miðbergs og félagsmiðstöðva í Reykjavík ásamt Samtakanna 78 og Rannsóknarstofu í Tómsundafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins var að bæta líðan hinsegin barna og unglunga og bregðast við þeim auknu þörfum fyrir þjónustu við hinsegin börn og unglunga í skólum og félagsmiðstöðvum. Vegna Covid19 faraldursins þurfti að hafa verkefninu á annan máta en upphaflega var gert ráð fyrir en teljum að það hafa tekist vel til að stuðla að bættri líðan hinsegin barna og unglunga með þeim tilfæringum sem voru gerðar á verkefninu og verða kynntar nánar í skýrslu þessari. Verkefninu lauk í maí 2021.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Líðan hinsegin barna og unglunga hefur verið mikið í umræðunni síðustu misseri. Rannsóknir sýna að hinsegin börn og unglingar eru mjög viðkvæmur hópur sem er líklegri til að búa við slæma andlega og líkamlega heilsu en gagnkynhneigðir og síð kynja jafnaldrar og er það verulegt áhyggjuefni. Í rannsókn á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi sem var gefin út af Samtökunum 78 í ágúst 2020 kemur fram að þriðjungur nemenda fann fyrir óöryggi í skólanum síðasta ár vegna kynhneigðar sinnar og fimmtungur nemenda fann fyrir óöryggi vegna kyntjáníningar sinnar. Þessar niðurstöður eru gríðarlegt áhyggjuefni og er nokkuð ljóst að margt má betur fara í umhverfi þessara barna, sérílagi í skólasamfélaginu en einnig á vettvangi frítímans. Andleg vanlíðan þessara barna og unglunga er tíðari. Þar má nefna aukna hættu á neyslu vímuefna og aukin tíðni sjálfsskaða og sjálfsvígshugsana, sjálfsvíg er raunverulegt vandamál sem við stöndum frammi fyrir í okkar starfi og kemur oft upp í umræðum. Ætlun verkefnisins *Öll sem eitt* var að bregðast við þessum auknu þörfum á sértækri þjónustu við hinsegin börn og unglunga með því að bjóða upp á starf fyrir þau í öruggu umhverfi með vel þjálfuðu starfsfólki. Áhersla var lögð á að bæta líðan þeirra, styrkja sjálfsmynd, stuðla að aukinni sjálfsþekkingu með fræðslu um hinsegin málefni og menningu og tóku leiðbeinendur mið af áhuga þátttakenda. Aðal markmiðið var að styrkja þau í að standa á eigin fótum þrátt fyrir þær áskoranir sem mæta þeim í umhverfi sínu sem hinsegin börn og unglingar. Einnig var lögð áhersla á aukið foreldrasamstarf og að veita foreldrum fræðslu,

hvatningu og stuðning sem og starfsfólki félagsmiðstöðva sem starfar með þessum hópi barna á hverjum einasta degi.

Sértækt hópastarf er þaul skipulagt og gengur best ef það heldur dampi en vegna Covid19 faraldursins þurfti að breyta framkvæmd verkefnisins. Framkvæmdaraðilar gerðu sitt allra besta að aðlaga þjónustuna að aðstæðum hverju sinni.

Verkefni hefst í lok ágúst 2020. Fyrst verður lögð áhersla á að veita fræðslu í til allra félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar um starf félagsmiðstöðvarinnar, grunnatriði hinsegin fræðslu og aðra viðeigandi þætti sem félagsmiðstöðvar óska eftir.

Í kjölfar fræðslunnar mun verkefnastjóri svo óska eftir tilnefningum í sértækt hópastarf, 10-12 ára annars vegar og 13-16 ára hinsvegar úr félagsmiðstöðvum borgarinnar.

Áætlað er að sú vinna standi frá lok ágúst til lok september og í kjölfarið hefst svo Reynslunám Hinsegin félagsmiðstöðvar þar sem allir starfsmenn félagsmiðstöðva í borginni fá tækifæri til að prufa að taka vakt í Hinsegin félagsmiðstöðinni með reyndara starfsfólki til að sækja sér óformlega fræðslu um vinnu með hinsegin börnum og unglingum í gegnum reynslunámið. Sú vinna stendur frá byrjun október til loka maímánaðar 2021 og fer fram hvert þriðjudagskvöld á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar sem og á öðrum tilfallandi tímum sé þess þörf.

Sértækt hópastarf 10-12 ára

Áætlað er að vinna með hópa í sértæku hópastarfi á haustönn 2020 og vorönn 2021. Hópurinn hittist vikulega í 2 klst í senn þar sem þau fá þjálfun í félagsfærni, samskiptum, fræðslu og stuðning. Hópurinn verður hvattur til að sækja sérstakar 10-12 ára opnanir sem verða mánaðarlega í Hinsegin félagsmiðstöðinni skólaárið 2020-2021.

Sértækt hópastarf 13-16 ára

Áætlað er að vinna með hópa í sértæku hópastarfi á haustönn 2020 og vorönn 2021. Hópurinn hittist vikulega í 2 klst í senn þar sem þau fá þjálfun í félagsfærni, samskiptum, fræðslu og stuðning. Hópurinn verður hvattur til að sækja opnanir félagsmiðstöðvarinnar og fá hvatningu og stuðning í starfinu á skólaárinu 2020-2021

Foreldrasamstarf

Í byrjun september 2020 verður boðað til foreldrafræðslu og umræðna í samráði við fræðslustýru og ráðgjafa Samtakanna 78, Frístundamiðstöðina Tjörnina og aðra viðeigandi aðila. Í kjölfarið verður boðið upp á fræðslu annan hvern mánuð um þau málefni sem foreldrar óska eftir. Lögð verður rík áhersla á að mynda tengingu við foreldra barna í sértæku hópastarfi sem og barna í almennu starfi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar.

Samstarf við þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna og unglunga

Ráðgjöf og samstarf við þekkingarmiðstöðina um útfærslur á úthlutun stuðnings þeirra barna sem sækja starf hinsegin félagsmiðstöðvarinnar.

Vinna við verkefnið hófst í ágúst 2020 og var ákveðið að leggja fyrst og fremst áherslu á hópastarf fyrir 10-12 ára börn og fræðslu og stuðning fyrir foreldra þeirra. Leitað var eftir tilnefningum í 10-12 ára hópastarfið til skólustjóra, aðstoðarskólustjóra og annarra aðila í öllum grunnskólum borgarinnar. Einnig var leitað til deildarstjóra unglingastarfs í öllum frístundamiðstöðvum borgarinnar, forstöðumanna og aðstoðarforstöðumanna sem og annarra

starfsmanna sem starfa með þessum hópi barna alla jafna. Fljótlega fór fjöldi fyrirspurna og tilnefninga að berast en óskað var eftir því að foreldrar hefðu samband við framkvæmdaraðila til að mynda tengsl við þann hóp sem fyrst án milliliða. Áætlað var að hefja hópastarfið fyrir 10-12 ára hópinn í október 2020 en um það leyti skall á enn önnur bylgja Covid19 faraldursins sem setti töluverðan strík í reikninginn. Ekki var ráðlagt að bjóða upp á slíkt starf fyrir svo blandaðan hóp meðan faraldurinn var í jafn miklum vexti og raunin var. Það var ekki fyrr en undir lok janúarmánaðar að óhætt þótti að hefja starfið og fór þá vinnan á fullt. Haldinn var fræðslufundur fyrir foreldra þátttakenda og settur á laggirnar foreldrahópur þeirra barna á miðlinum Facebook þar sem hvatt var til blómlegs samstarfs allra aðila og þótti framkvæmdaraðila takast ansi vel til í þeim málum. Þriðjudaginn 16. febrúar hófst hópastarfið loks formlega og stóð til þriðjudagsins 4. maí 2021. Þátttakendur voru alls 11 og var nokkuð jöfn dreifing þátttakenda úr 5., 6. og 7. bekk en þeir dreifast á alls níu skóla.

Í ljósi Covid19 faraldursins var ákveðið að setja kraft í að bjóða upp á annars konar sértæka þjónustu fyrir 13-16 ára aldurshópinn en lagt var upp með í byrjun. Snemma var ljóst að ekki væri möguleiki að bjóða upp á jafn ítarlegt og náíð starf og ætlunin var með tilliti til þeirra takmarkana sem voru í gildi í samfélaginu frá október 2020 til janúar 2021. Ákveðið var að nýta þá miðla sem aðrar félagsmiðstöðvar nýttu meðan á takmörkunum stóð til að bjóða upp á einstaklings samtöl, ráðgjöf og almennt spjall. Einnig var settur kraftur í aukna viðveru á miðlunum. Notast var við miðlana Discord, Instagram og Facebook ásamt því að bjóða upp á símatíma. Gríðarlega mikil aðsókn var í þessa þjónustu en á tímabilinu voru 22 einstaklings samtöl, alls 16 formlegar opnanir á Discord og mikil viðvera á samfélagsmiðlum félagsmiðstöðvarinnar.

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

Verkefnið gekk að mestu leyti vel en eins og hefur komið fram var Covid19 faraldurinn fyrirferðamikill og þurfti því oft að fresta sértæka hópastarfinu. Ólíkt unglingastarfinu var ekki hægt að nota samfélagsmiðla t.d. Instagram, Discord og Facebook með 10 - 12 ára vegna aldurstakmarka. Fyrstu tímarnir gengu mjög vel og leiðbeinendur sáu mikla framför hjá þátttakendum í tjáningu og tengslum þeirra á milli. Upphafið byggðist aðallega á hópeflisleikjum, almennu spjalli og sjá til þess að allir þátttakendur fengju nóg pláss til þess að tjá sig. Þegar á leið

færðist áherslan yfir á persónulegri málefni og ítarlegri fræðslu sem var aðallega í höndum leiðbeinanda en í eitt skipti fékk hópurinn fræðslu frá Samtökunum '78 þar sem þau spurðu nafnlausra spurninga. Með því að nota nafnlausar spurningar gátu þátttakendur komið að spurningum sem brunnu á þeim en þau voru ekki tilbúin að tala um að fyrra bragði. Eftir að starfið hófst aftur eftir afléttingu samkomutakmarkana í vor 2021 fundu leiðbeinendurnir þörf til að hrista saman hópinn að nýju en ljóst var að tengslin höfðu veikst í pásunni. Þess vegna komst framkvæmd starfsins ekki á eins mikið flug og það hefði getað gert en að mati leiðbeinanda hefði þurft að lengja tímabilið töluvert til þess að ná þeim árangri sem hópurinn hafði efni í. Á miðað við aðstæður gekk starfið furðu vel, nokkrir einstaklingar tóku áberandi framförum í tjáningu en sumir þorðu ekki að kynna sig í byrjun en voru farnir að taka virkan þátt í starfinu undir lokin. Einnig komst af stað mikilvæg umræða um hinseginleikann sem þátttakendur náðu að spegla sig í, þau náðu sem hópur að búa til rými þar sem óhætt var að kanna sig í nýju ljósi. Lagður var góður grunnur að áframhaldandi hinsegin félagsstarfi fyrir börn á aldrinum 10 - 12. Leiðbeinendur sjá augljóst mikilvægi í að styðja við bættu líðan hinsegin barna á þessum aldri þar sem þau eru strax farin að upplifa erfiðleika í eigin tilfinningalífi sem og í umhverfinu svo sem í skóla og frístund. Því fyrr sem gripið er inn í því auðveldara er að leiðbeina þeim og undirbúa þau fyrir áskoranir á þeirra eigin forsendum.

4. *Mat á verkefninu*

Við upphaf hópastarfsins fylltu flestir þátttakendur út könnun á líðan og högum sínum. Ætlunin var að leggja könnunina fyrir í lok starfsins en ekki náðist að láta alla þátttakendur ljúka könnuninni og því erfitt að greina marktækar niðurstöður á verkefninu aðrar en þær sem koma fram í skýrslu þessari.

5. *Greinargerð um notkun styrkfjár*

Verkefnið hlaut 4 milljóna króna styrk. Styrknum var ráðstafað á eftirfarandi hátt:

Launakostnaður (laun starfsmanns í 50% hlutfalli): 3.800.000 kr

Efniskostnaður (ritföng, umslög, veitingar og innkaup vegna hópastarfs): 100.000 kr

Aðkeypt þjónusta (samstarf við Háskóla Íslands við framkvæmd rannsóknar í tengslum við sértækt hópastarf): 100.000 kr - ekki nýtt að fullu.

6. *Kynning*

Til stóð að kynna verkefnið á Menntastefnumótinu 2021 en þar sem verkefnið var enn í framkvæmd í byrjun maí varð ekki úr því. Verkefnið hlaut áframhaldandi styrk og vonumst við til að geta kynnt það á næsta menntastefnumóti eða á Höfuð í Bleyti.